

**Ed.**

#### **4. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 20/1942, um breyting á lögum nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og um breyting á lögum nr. 21/1942, um stríðsgróðaskatt.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Síðari málsgrein 7. gr. laga nr. 20/1942 falli niður.

2. gr.

Síðari málsliður 14. gr. c. í lögum nr. 20/1942 falli niður.

3. gr.

4. gr. laga nr. 21/1942, um stríðsgróðaskatt, falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta og útsvara á árinu 1943.

#### **G r e i n a r g e r ð .**

Með frv. þessu er lagt til, að ákvæði skattalaganna frá 1935, að hlutabréf skuli talin fram til skatts með söluverði eða sannvirði, skuli aftur taka gildi. Enn fremur að ákvæði laganna um stríðsgróðaskatt, er hanna að leggja útsvar á þann hluta tekna, sem eru umfram 200 þúsund krónur, falli niður. Allmikil andstaða var í þinginu gegn þessu ákvæði, þegar er lögín voru sett, og sýnt fram á, að það væri fjarri lagi að taka af sveitarfélögunum rétt þeirra til að ráða útsvarsálagningu. Ákvæðið er enn fjær sanni nú, eftir að verðlækkunarskatturinn hefur verið samþ., því að hann hlýtur að takmarka mjög möguleika til útsvarsálagningar á því tekjuskatt, þar sem hann er þyngstur.

Loks er lagt til, að heimild sú, sem nú er í lögum til að nota fé nýbyggingarsjóðs til greiðslu á tapi, sé afnumin og með því stuðlað að því, að féð verði aðeins notað til nýbygginga.